

um verndun fiskstofna við strendur Íslands.

Flm.: Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til rækilegrar athugunar í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hvort eigi sé nauðsynlegt til verndar fiskstofnum við strendur landsins að banna ýsuveiðar með herpinót á helztu uppeldisstöð þessa nytjafisks og sömuleiðis smásildarveiði á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum.

Skal undinn bráður hugur að athugun þeirri, sem að framan greinir, svo að eigi þurfi að dragast lengi, að reistar verði skorður við þeirri hættu, sem allar líkur benda til að stafað geti af þessum veiðiaðferðum.

#### Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Er hún því endurflutt nú. Tillöggunni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Öllum fiskveiðipjóðum er nú orðið ljóst, að gæta þarf varhuga við þeirri tækni, sem nú er í sívaxandi mæli farið að heita á sviði fiskveiðanna.

Sérstaklega er það hér í norðurhöfum, þar sem menn eru lengst á veg komnir með heitingu fiskveiðitekninnar, að þessi þróun er farið að vekja nokkurn ugg, því að ýmis fyrirhæri á þessu sviði gefa nú orðið nokkra hendingu um, að svo sé nú komið, að frjósemi fiskstofnanna fái eigi lengur rönd við reist veiðitekninni. Þá er það augljóst orðið, að hin nýja tækni getur auðveldlega valdið miklum truflunum á fiskgöngum og á margan hátt haft hin skaðlegustu áhrif á eðlishætti fiskisins.

Því háðari sem þjóðir eru fiskveiðunum, því uggvænlegara er þeim þetta nýja viðhorf og því fastar knýr það á um, að allar varúðar sé gætt og í tíma athugað, hvað sé tiltækilegast til þess að sporna við ofveiðinni.

Íslendingar eru þannig settir, enn sem komið er, að engin þjóð á eins mikið og þeir undir fiskveiðum. Er þeim því öllum öðrum þjóðum fremur nauðsynlegt að vera vel á verði og fylgjast með því, sem er að gerast á miðunum við strendur landsins. Og sízt af öllu mega þeir með fyrirhyggjuleysi flana að því að beita þeim veiðiaðferðum, sem skefjalaust tortíma uppfæðingnum á fyrsta aldurskeiði, en það mun oft vera svo, þegar slíkum veiðiaðferðum er beitt, að sá hluti veiðinnar, sem engum er að gagni sökum smæðar og er því fleygt, er að tölunni til miklu stærri en sá hluti, sem eitthvert verðmæli er í.

Það er því í alla staði óhyggilegt, eins og nú hagar til, að ganga að fiskveiðunum hér við land eins og sá brunnur verði aldrei tæmdur, hvaða rányrkju og bolabrögðum sem heitt er. Slíkur hugsunarháttur er hættulegur. Og að því leyti sem rányrkja af þessu tagi ber skynsamleg og raunhæf viðhorf til málsins ofurlíði verður með opinberum ráðstöfunum að banna slíkan verknað og fylgja því þannig svo eftir, að raunhæft reynist.

Fullvist má telja, að versta gereyðingartæki, sem beitt er á ungvíði fiskisins sé dragnótin. Dragnótaveiðar á grunnmiðum innan landhelginnar, á uppeldisstöðvum ungfisksins, hafa nú verið leyfðar, illu heilli. Ætli Alþingi sem allra fyrst að sjá sóma sinn í því að afturkalla slíkt leyfi og aflétta þeirri plágu, sem að öðrum kosti hlýtur óhjálkvæmilega að fylgja í kjölfar þess.

Þá er nú í vaxandi mæli kostað mjög kapps um það að veiða smásild, uppfæðing á fyrstu vaxtarstigum, og fer veiði þessi fram á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum, þar sem þessi kræða leitar skjóls yfir harðasta tíma vetrarins. Hafa veiðar þessar átt sér stað í allstórum stíl og þessari smásildarkræðu ausið upp gegndarlaust, því að sökum þess, hve þessi seiði er mögur og smá, þurfa afköstir að magni til að vera geysimikil til þess að fá nokkurt verðmæti, sem um munar. Hér er um ótvíræða rányrkju að ræða, sem tafarlaust verður að stöðva.

Til viðbótar þessu er nú farið að veiða ýsu á uppeldisstöðvum hennar á grunnmiðum í herpinót, og skilur þar ekkert á milli þess af veiðinni, sem eitthvert gagi er í, og hins, sem gagnslaust er og því mokað steindauðu í sjóinn aftur.

Er tillaga þessi flutt með það fyrir augum, að látn verði fram fara nú þegar gagnger athugun á þessum rányrkjuveiðiaðferðum, í því skyni, að það ýti undir og flýti fyrir því, að fyrir slíkar veiðar verði tekið.

Þá er nokkuð gert að því að stunda smáufsveiðar inni á höfnum og öðru landvari, þar sem þessi uppfæðingur leitar skjóls að vetrinum. Eru slíkar veiðar vægast sagt varhugaverðar. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því máli hér, þó að ákvæði um það séu ekki beinlínis tekin upp í meginmál tillögunnar.